

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 127/358  
komudagur 5.12.2001

RH/ama  
B. 1012/01

Reykjavík, 4. desember 2001

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar, dags. 21. f.m., frumvarp til almennra hegningarlaga, 22. mál, kynlífsþjónusta, klám.

Frv. er að meginhluta samhljóða frv. sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi.

Af hálfu ríkissaksóknara er ekki tekin afstaða til efnis frv., en lögð á það áhersla að við endurskoðun þeirra lagaákvæða sem um ræðir verði horft til löggjafar og réttarframkvæmdar í öðrum ríkjum, einkum á Norðurlöndum. Í því sambandi er á það bent að dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að fara yfir gildandi refsilög sem varða vændi og kynferðislega misnotkun. Er m.a. gert ráð fyrir því að nefndin skoði löggjöf í nágrennalöndunum á þessu sviði.

  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík